

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Hafnarfirði 08.05.2024

Umsögn vegna máls nr. 930 – Lagareldi

Vísað er til beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis frá 24. apríl 2024 umsagnar 930. mál – Lagareldi.

Í aðdraganda birtingar draga í samráðsgátt stjórnvalda leitaði Matvælaráðuneyti til Hafrannsóknastofnunar við gerð draganna, þ.e. vegna þeirra greina sem tengjast starfssviði stofnunarinnar.

Í kjölfar birtingar á samráðsgátt stjórnvalda veitti stofnunin umsögn um frumvarpið þann 12. janúar 2024 og vísast til þeirrar umsagnar. Áherslur Hafrannsóknastofnunar í umsögninni voru þær helstar að:

- Hlutverk Hafrannsóknastofnunar sem rannsóknastofnunar var skýrt.
- Friðunarsvæði afmörkuð.
- Hvíld eldissvæða vegna lífræns álags.
- Skipan Fisksjúkdómanefndar og notkun lyfja til meðhöndlunar á lús.
- Skýrari og hertar reglur vegna stroks og kynproska fiska.
- Mikilvægi á upprunagreiningu meintra strokulaxa.
- Ákvæði um hafeldi og landeldi.
- Aukin upplýsingagjöf og aðgangur að gögnum.

Frá því að ofangreind umsögn var veitt í janúar sl. hafa orðið breytingar á frumvarpinu sem Hafrannsóknastofnun telur vert að nefna og gera athugasemdir við.

Grein 5-6.

Í því frumvarpi sem kynnt var í Samráðsgátt sl. haust var búið að skerpa á hlutverki Hafrannsóknastofnunar sem rannsókn- og ráðgjafarstofnunar og studdi stofnunin þær breytingar frá fyrri lögum um fiskeldi, ekki síst þá breytingu sem tók af vafa um að Hafrannsóknastofnun yrði ekki með stjórnsýsluhlutverk. Með þessari breytingu væri ákvæðið í anda laga nr. 112/2015 um Hafrannsóknastofnun, rannsókn og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Í breytingum sem gerðar voru eftir það samráðsferli, á því frumvarpi sem nú er til umsagnar, hefur 6. grein frumvarpsins verið breytt á þann veg að ætla megi að Hafrannsóknastofnun sé í raun stjórnsýsluvald þar sem ráðherra skal staðfesta áhættumat stofnunarinnar og er það bindandi fyrir ráðherra. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram að lögð er „áhersla á að verkefni Hafrannsóknastofnunar er lúta að sjókvíaeldi séu í ríkara mæli í formi rannsókn og ráðgjafar í samræmi við lög um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.“ Enda þótt fram komi í skýringum með greininni að Hafrannsóknastofnun fari ekki með ákvarðanavald hefði verið æskilegt út frá sjónarmiði Hafrannsóknastofnunar að orðalagi 6. greinar frumvarpsins verði breytt á þann veg að það endurspegli það sem fram kemur í greinargerðinni, kafla 3.1.1. og 3.1.2 - Hin endanlega stjórnvald ákvörðun mun eftir atvikum verða í höndum stjórnvalda eða ráðherra.




HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafrannsóknastofnun telur að með frumvarpinu sé grunnur að lagareldi hér á landi almennt styrktur til muna. Það er til þess fallið að bæta umgjörð þess til framtíðar. Jafnframt er ábyrgð greinarinnar aukin og skýrð meðal annars hvað varðar upplýsingagjöf, eftirlit, búnað, velferð og heilbrigði eldisfiska ásamt því að draga úr umhverfisáhrifum greinarinnar. Engu að síður eru margar áskoranir og vandamál óleyst.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna.


Þorsteinn Sigurðsson
Forstjóri


Guðni Guðbergsson
Sviðsstjóri ferskvatns- og eldissviðs